

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu slysatriygginga á nauðsynlegum kostnaði vegna sjúkrahjálpar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um endurgreiðslu slysatriygginga samkvæmt 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar (almannatryggingalaga) á nauðsynlegum kostnaði vegna lækninga hins slasaða að því leyti sem samningar um sjúkratryggingar ná ekki yfir hann, sbr. einnig reglugerð nr. 245/2002 um slysatriyggingar íþróttafólks samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar að því er varðar skilyrði til endurgreiðslu kostnaðar samkvæmt slysatriyggingu íþróttamanna.

Sjúkrahjálpar sem ekki fellur undir samninga um sjúkratryggingar og/eða veitt er af aðilum sem ekki hafa samning um sjúkratryggingar er eingöngu greidd úr slysatriyggingum ef sérstaklega er mælt fyrir um það í reglum þessum. Endurgreiðsla fer aðeins fram gegn framvísun reikninga vegna sjúkrahjálparinnar. Aðeins er greidd sjúkrahjálpar vegna beinna afleiðinga hins bótaskylda slyss.

2. gr.

Læknishjálpar.

Slysatriyggingar greiða að fullu kostnað við nauðsynlega læknishjálpar hins slasaða vegna slyssins samkvæmt samningum um sjúkratryggingar. Ennfremur greiða slysatriyggingar kostnað slasaða við nauðsynlega læknishjálpar vegna slyssins sem veitt er á heilsugæslustöð og fyrir komu til sérfræðings á göngudeild, slyshadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, rannsóknir og röntgengreiningar, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Slysatriyggingar skulu greiða að fullu kostnað við nauðsynlega læknishjálpar hins slasaða vegna slyssins hjá sérfræðilæknum sem fellur til á tímabilinu 1. til 13. janúar 2004, að báðum dögum meðtöldum, samkvæmt samningi um sjúkratryggingar sem var í gildi í desember 2003.

Slysatriyggingar greiða að fullu kostnað við nauðsynlega læknishjálpar hins slasaða vegna slyssins hjá sérgreinalæknum sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, samkvæmt reglugerð nr. 333/2011 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands og gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands nr. 334/2011 fyrir þjónustu sérgreinalækna sem ekki hefur verið samið um.

3. gr.

Tannlækningar.

Endurgreiðsla kostnaðar vegna tannlækninga miðast við gildandi samninga um sjúkratryggingar á hverjum tíma eða gildandi gjaldskrá ráðherra, séu samningar ekki fyrir hendi.

Að fullu skal greiða viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar. Markmiðið er að bæta raunverulegt tjón slasaða af völdum slyssins.

Heimilt er að greiða styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim sem ónýt hafa við slysið.

4. gr.

Lyf.

Þurfi slasaði á lyfjum að halda vegna beinna afleiðinga bótaskylds slyss greiða slysatriyggingar lyfin að fullu þegar um er að ræða nauðsynleg lyf sem lækni eða tannlækni hefur ávísað og afgreidd eru í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hafa leyfi til lyfjasölu samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994. Skilyrði er að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið á Íslandi. Endurgreiðsla fer því aðeins fram að fyrir liggi greiðslukvittun þar sem fram koma heiti og magn lyfja.

5. gr.

Sjúkraþjálfun.

Nauðsynleg sjúkraþjálfun vegna beinna afleiðinga slyss greiðist að fullu úr slysatryggingum samkvæmt samningum um sjúkratryggingar. Iðjuþjálfun og talþjálfun greiðist ekki úr slysatryggingum.

6. gr.

Gervilimir og svipuð hjálpartæki.

Spelkur, gervilimir og bæklunarskófatnaður vegna beinna afleiðinga slyss greiðast að fullu úr slysatryggingum samkvæmt samningum um sjúkratryggingar, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Um fjölda slíkra hjálpartækja sem greidd eru til slasaðs á ári fer samkvæmt reglugerð um styrki til kaupa á hjálpartækjum, setti samkvæmt 3. mgr. 33. gr. almannatryggingalaga. Önnur hjálpartæki en framangreind greiðast ekki úr slysatryggingum.

7. gr.

Ferðakostnaður.

Ferðakostnaður greiðist samkvæmt 2. tl. og c-lið 3. tl. 1. mgr. 27. gr. almannatryggingalaga. Sé eigin bifreið notuð í tilvikum sem ella féllu undir b-lið 2. tl. og c-lið 3. tl. sömu greinar má endurgreiða kostnað samkvæmt kílómetragjaldi. Með kílómetragjaldi er átt við viðmiðunargjald á ekinn km samkvæmt reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

8. gr.

Sjúkraflutningur.

Að fullu skal greiða sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda slasaða með slíkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.

Ef bótaskyld slys á sér stað erlendis eða um borð í íslensku skipi eða íslensku loftfari, eða skipi eða loftfari sem gert er út eða rekið af íslenskum aðilum, er heimilt að greiða óhjákvæmilegan kostnað vegna sjúkraflutnings til Íslands. Sækja verður fyrirfram um greiðslu slíks flutnings.

9. gr.

Dvöl á sjúkrastofnun.

Ef slasaði þarf nauðsynlega að dveljast á sjúkrastofnun vegna beinna afleiðinga slyssins og þarf að greiða hluta kostnaðarinnar við dvölinna er heimilt að endurgreiða hlut hans í kostnaðinum.

10. gr.

Erlendur sjúkrakostnaður.

Erlendur sjúkrakostnaður greiðist ekki úr slysatryggingum, sbr. þó 2. og 3. mgr. Ef slasaður sem staddur er erlendis og þarf nauðsynlega á sjúkrahjálpi að halda vegna afleiðinga slyssins á rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglum tryggingaráðs nr. 346/2000 um endurgreiðslu kostnaðar vegna veikinda eða slysa erlendis er jafnframt heimilt að endurgreiða hlut hans í kostnaðinum úr slysatryggingum.

Ef bótaskyld slys á sér stað erlendis eða um borð í skipi eða flugvél, sbr. a-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaga, er heimilt að greiða óhjákvæmilegan kostnað (bráðahjálpi) vegna sjúkrahjálpar erlendis vegna slyssins.

Ef bótaskyld slys á sér stað í ríki sem Ísland hefur gert samning við um almannatryggingar fer um greiðslu sjúkrakostnaðar samkvæmt þeim samningum.

Sé slasaða brýn nauðsyn á að vistast á erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálpi í íslensku sjúkrahúsi fer um það eftir reglum 35. gr. almannatryggingalaga og reglugerð nr. 166/1985 um greiðslu sjúkratrygginga á kostnaði við sjúkrahjálpi sem ekki er unnt að veita í íslensku sjúkrahúsi.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi kemur í stað reglna tryggingaráðs nr. 765/2000 og 148/2002.

- ~~Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. júlí 2002.~~ -

- ~~Jón Kristjánsson.~~ -

- ~~Davíð Á. Gunnarsson.~~ -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.